



## Viðmið um flýtingar og seinkanir barna á skilum leik- og grunnskóla.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla frá 2016 Börn geta, með heimild skólastjóra grunnskóla, hafið grunnskólanám fyrir 6 ára aldur. Áður en slík ákvörðun er tekin er brynt að starfsfólk viðkomandi leikskóla og grunnskóla og foreldrar hafi fjallað um málið. kemur fram í kafla 16 að meginreglan sé að börn byrja í grunnskóla á því almanaksári sem þau ná sex ára aldri. Samkvæmt grunnskólalögum má þó flýta eða seinka skólabyrjun. Skólastjóri grunnskóla getur að uppfylltu ákveðnum skilyrðum heimilað að barn hefji skólagöngu fimm ára eða sjö ára. Í 15. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, um skólaskyldu segir: „Skólaskylda barns hefst að jafnaði við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar/forsjáraðilar barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn skólalögnustu“.

**Viðmiðunarreglur menntasviðs Kópavogs við afgreiðslu umsókna um flýtingu/seinkun grunnskólagöngu barns skv. 2. mgr. 15. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008**

### Flýtingar

1. Óski foreldrar eftir flýtingu á grunnskólagöngu barns, skal rökstudd beiðni berast til skólastjóra þess grunnskóla sem barnið á skólasókn í, á því almanaksári sem barnið nær fimm ára aldri. Beiðnin skal berast í síðasta lagi 15. febrúar.
2. Skólastjóri grunnskóla skal óska eftir umsögn frá leikskóla barns, bregðast við umsókn um flýtingu innan viku frá því að umsókn um flýtingu berst.

#### *Í umsögn leikskóla þarf að koma fram:*

- a. Almenn umsögn um þroskastöðu barnsins, m.a. með vísan í niðurstöður Íslenska þroskalistans og Hljóm-2.
- b. Greinargerð um leikskólanám barnsins.
- c. Upplýsingar um félagslega stöðu barnsins.
- d. Líkamleg heilsa og þroski.
- e. Mat á hvort staða barnsins í ofangreindum þáttum (a-d) sé á við ári eldri börn.
- f. Styður leikskólinn umsókn foreldra/forsjáraðila?

Ef að barn kemur út með þroska fyrir ofan jafnaldra sendir skólastjóri skriflegra umsókn til leikskóladeildar og óskar eftir umsögn.

#### *Í umsögn leikskóladeildar þarf að koma fram:*

- a. **Vitsmunaproski.** Heildartala greindar á viðurkenndum mælitækjum s.s. WIPPSI-R sé á við ári eldri börn.
- b. **Almenn námsfærni.** Almenn kunnátta (t.d. læsi, talnaskilningur og fínhreyfingar), einbeiting og úthald. Barnið þarf að geta staðið undir námskröfum og því þarf námsfærni að vera eins og gerist hjá börnum einu ári eldri. Byggja þarf mat á viðurkenndum mælitækjum.
- c. **Félagsþroski.** Barnið þarf að vera í góðu tilfinningalegu jafnvægi og eiga auðvelt

- d. Upplýsingar um ráðgjöf sem leikskóladeild hefur veitt vegna barnsins sem og aðkomu að mati og greiningum á barninu.
  - e. Styður leikskóladeild umsókn foreldra/forsjáraðila?
3. Leikskóli skal senda umsögn sína til skólustjóra grunnskóla innan tveggja vikna frá því að beiðni berst um umsögn.
  4. Leikskóladeild skal senda umsögn sína til skólustjóra grunnskóla innan tveggja mánaða frá því að beiðni berst um umsögn.
  5. Umsögn frá leikskóla og leikskóladeild er ráðgefandi. Ákvörðun um flýtingu liggur endanlega hjá skólustjóra grunnskóla og skal hann svara foreldrum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að beiðni berst.

Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólustjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til leikskóladeildar og leikskóla barnsins.

Hyggist skólustjóri synja umsókn um flýtingu skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt ítarlegum rökstuðningi. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, tilkynnir skólustjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeinir þeim um kæruehimild til menntamálaráðuneytis skv. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008.. Afrit af bréfi til foreldra/forsjáraðila er sent til leikskóladeildar og leikskóla barnsins.

## Seinkanir

1. Óski foreldrar eftir seinkun á grunnskólagöngu barns, skal rökstudd beiðni berast til skólustjóra þess grunnskóla sem barnið á skólasókn í, á því almanaksári sem barnið nær sex ára aldri. Beiðnin skal berast í síðasta lagi 15. febrúar.
2. Skólustjóri grunnskóla skal óska eftir skriflegri umsögn leikskóladeildar og leikskóla hafi barnið sótt leikskóla, innan viku frá því að umsókn um seinkun berst.

*Í umsögn leikskóladeildar þarf að koma fram:*

- a. **Almenn námsfærni.** Almenn kunnátta barnsins er seinkuð og er eins og gerist hjá börnum einu ári yngri. Byggja þarf mat á viðurkenndum mælitækjum.
- b. **Félagsþroski** þarf að vera a.m.k. eins og gerist hjá börnum einu ári yngri. Viðurkennt hegðunarmat þarf að liggja fyrir.
- c. **Vitsmunapróska.** Heildartala greindar á viðurkenndum mælitækjum s.s. WIPPSI-R sé á við ári yngri börn.
- d. **Líkamleg heilsa og þroski.** Mat er lagt á líkamlegan þroska, hreyfifærni og málþroska. Æskilegt er að mat talmeinafræðings liggja fyrir á stöðu barnsins.
- e. Upplýsingar um ráðgjöf sem leikskóladeild hefur veitt vegna barnsins sem og aðkomu að mati og greiningum á barninu.
- f. Styður leikskóladeild umsókn foreldra/forsjáraðila? Ef svo er, er barninu tryggð áframhaldandi leikskóladvöl?

*Í umsögn leikskóla þarf að koma fram:*

- a. Almenn umsögn um þroskastöðu barnsins m.a. með vísan í niðurstöður Íslenska þroskalistans.

- b. Greinargerð um leikskólanám barnsins.
  - c. Upplýsingar um félagslega stöðu barnsins.
  - d. Styður leikskólinn umsókn foreldra/forsjáraðila?
3. Leikskóladeild og leikskóli skulu senda umsögn sína til skólastjóra grunnskóla innan mánaðar frá því að beiðni berst um umsögn.
4. Umsögn frá leikskóla og leikskóladeild er ráðgefandi. Ákvörðun um að mæla með seinkun liggur hjá skólastjóra viðkomandi grunnskóla sem lögð er fyrir leikskólanefnd til afgreiðslu.

Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til leikskóladeildar og leikskóla barnsins. Foreldrar/forráðamenn skulu upplýstir um að á viðbótarári barnsins í leikskóla gilda sömu forsendur um vistun þess og fyrir önnur börn í leikskóla t.d. varðandi greiðslur fyrir vistun.

Hyggist skólastjóri synja umsókn um seinkun skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt ítarlegum rökstuðningi.

Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeinir þeim um kæruheimild til menntamálaráðuneytis, sbr. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Afrit af bréfi til foreldra/forsjáraðila er sent til leikskóladeildar og leikskóla barnsins.

Kópavogi 1. febrúar 2021